

Verkefni 3 – Saga ljósmyndunar

Kevin Carter fæddist í Jóhannesarborg í Suður Afríku 13. september 1960¹. Hann tilheyrði hvíta kynþættinum og hann ólst upp á miðstéttar heimili í hverfi þar sem eingöngu voru hvítir menn. Í uppvextinum varð hann oft vitni að ofbeldi lögreglumanna gegn blökkumönnum og hafði það mikil áhrif á mótun hans. Það stríddi gegn réttlætiskennd hans að horfa uppá þá mismunun sem aðskilnaðarstefna (apartheid) stjórnvalda hafði í för með sér.

Kevin Carter var ötull ljósmyndari og viðfangsefni hans tengdust oft á tíðum Afríku og baráttu manna gegn aðskilnaðarstefnunni. Kevin Carter fylgdi Nelson Mandela eftir í kosningabaráttu þess síðar nefnda en henni lauk með því að Mandela var kjörinn forseti Suður Afríku árið 1994. Hann tók fræga mynd af Mandela sem sýnir hann brosandi sigurglaðan og á bak við hann og fyrir ofan hann er áróðursskilti fyrir kosningu hans. Á skiltinu sitja menn með kreppta hnefa, eins konar tákn fyrir Suður Afríkumenn sem vildu Mandela fyrir forseta. Sjá mynd 1².



Mynd 1. Mynd sem Kevin Carter tók af Nelson Mandela árið 1994, en þá stóð yfir kosningabaráttu í Suður Afríku.

Árið 1994 vann Kevin Carter Pulitzer verðlaun fyrir mynd sem hann tók í Súdan árið áður og er sú mynd umfjöllunarefni þessarar samantektar. Þremur mánuðum eftir að Carter hlaut þann heiður, tók hann sitt eigið líf. Dánardagur hans var 27. júlí 1994³ og var hann þá á þrítugasta og fjórða aldersári.

¹ <http://www.africansuccess.org/visuFiche.php?lang=en&id=1029>

² <http://all-that-is-interesting.com/kevin-carter/2>

³ <http://www.africansuccess.org/visuFiche.php?lang=en&id=1029>

Litla stúlkan og hrægammurinn eða „The little girl and the vulture“ er myndin sem Carter fékk Pulitzer verðlaunin fyrir. Myndina tók hann á ferð sinni um Súdan með hjálparsveit frá Sameinuðu þjóðunum sem hafði það verkefni að dreifa vistum til sveltandi íbúa landsins. Myndin birtist í New York Times 26. mars 1993 skömmu eftir að hún var tekin og hafði hún strax mikil áhrif um heim allan. Sjá mynd 2.



Mynd 2⁴. Litla stúlkan og hrægammurinn, mynd sem Kevin Carter tók árið 1993 í Súdan. Myndin birtist í New York Times sama ár og Carter fékk Pulitzer verðlaunin fyrir hana ári síðar.

Carter var á ferð í þyrlu með starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna til að festa á filmu þær hörmungar sem súdanska þjóðin átti við að etja á þessum tíma: Hungursneyð og farsóttir. Carter vildi leiða heiminum fyrir sjónir hvað væri að gerast í landinu, án efa í þeim tilgangi að koma þjóðinni til hjálpar.

Myndin af litla barninu er mjög áhrifarík. Carter sér litla barnið liggja á jörðinni í nágrenni við foreldra sína sem voru að sækja vistir á hjálparstöð Sameinuðu þjóðanna og hann sér hrægamminn voma yfir barninu. Hann hleypur til og tekur myndina og fangar þarna magnþrungið andartak á filmu. Barnið og jörðin sem það liggur á eru í brennidepli myndarinnar en hrægammurinn og runnarnir á bak við eru úr fókus. Carter nær þessu einstaka andartaki á filmu. Á næstu sekúndum hefði fuglinn getað flogið í burtu, barnið risið á fætur eða einhver fullorðinn komið til að vitja þess. Það lítur út fyrir að barnið sé að dauða komið og nærvera hrægammans undirstrikar það. Eftir að hafa tekið þessa ljósmynd er Carter svo kominn í þyrluna á leiðinni á næsta hjálparstað.

Eftir birtingu myndarinnar var Carter gagnrýndur fyrir að hafa tekið mynd af barninu í stað þess að koma því til hjálpar. Þess má geta í því samhengi að á þessum tíma geisaði farsótt í Súdan og

⁴ <http://theunsolicitedopinion.com/2012/10/10/wednesday-october-11th-ken-eyring-eileen-maschino-divorcing-your-car/kevin-carter-vulture/>

starfsmönnum Sameiðuðu þjóðanna sem sáu um dreifingu vista var uppálagt að snerta ekki innfædda í því skyni að verja sig fyrir smiti. Því hefði Carter sett sig í hættu á að vera skilinn eftir ef hann hefði hlaupið til og snert barnið.

Það er athyglisvert að í stað þess að skoða þessa mynd almennt sem dæmi um það hvernig sveltandi börn eru um allan heima á sama tíma og önnur börn lifa í vellystingum, þá beindist gagnrýnin að Carter fyrir að hafa ekki komið þessu barni til hjálpar. Mynd hans hefur þó án efa vakið marga til meðvitundar um það ástand sem ríkti í Súdan á þessum tíma og hún minnir okkur enn þann daginn í dag á það að gæðum jarðarinnar okkar er misskipt á milli barna hennar. Því eins og Eduard Steichen orðaði svo vel, þá er tilgangur ljósmyndunar að útskýra fyrir mönnum hvernig men eru og fyrir hverjum manni hvernig hann sjálfur er.⁵

Í lokin má þess geta hér að árið 2011 birtist í spænska dagblaðinu „El Mundo“ grein um þessa ljósmynd. Blaðamaður sem skrifaði þá grein hafði látið stækka myndina upp og þá kom í ljós að barnið var með plast armband um hægri úlnliðinn. Á armbandinu stóð „T3“. Þetta var armband sem hjálparsvetir Sameinuðu þjóðanna settu á börn sem höfðu komist yfir farsóttina illræmdu. Blaðamaðurinn ferðaðist til Súdan og heimsótti þorpið Ayod þar sem Carter hafði tekið myndina. Hann fann foreldra barnsins og það kom í ljós að barnið var drengur að nafni Kong Nyong. Kong Nyong lifði hungursneyðina af en lést á fullorðins árum af öðrum orsökum.⁶

Reykjavík 15. mars 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir

Heimildir

Leslie Maryann Neal: How Photojournalism Killed Kevin Carter. Síða skoðuð 15. mars 2016.

Vefslóð: <http://all-that-is-interesting.com/kevin-carter/2>

Biography of Kevin Carter. Síða skoðuð 15. mars 2016.

Vefslóð: <http://www.africansuccess.org/visuFiche.php?lang=en&id=1029>

Truth tearing out the double tongue of falsehood... Síða skoðuð 15. mars 2016.

Vefslóð: <http://theunsolicitedopinion.com/2012/10/10/wednesday-october-11th-ken-eyring-eileen-maschino-divorcing-your-car/kevin-carter-vulture/>

Not just a Document. Síða skoðuð 15. mars 2016.

Vefslóð: <http://paulagortazar.blogspot.is/p/ethical-limits-in-documentary.html>

⁵ <http://paulagortazar.blogspot.is/p/ethical-limits-in-documentary.html>

⁶ <http://www.africansuccess.org/visuFiche.php?lang=en&id=1029>